



Methotrexate lyfjagjöf undir húð hjá barni

Methotrexate er lyf sem bælir ónæmiskerfið og er m.a. notað við gigt. Við meðferð á barnagigt og öðrum gigtarsjúkdómum getur það verið mjög gagnlegt vegna þess að það dregur úr bólgu.

Lyfið er gefið undir húð einu sinni í viku, annað hvort með sprautu eða sprautupenna.

Undirbúningur lyfjagjafar

1. Undirbúningur vinnusvæðis og tiltekt áhalda

- Þvoðu yfirborð vinnusvæðis með sápu og vatni og láttu það þorna.
- Settu hreint undirlag á borðið.
- Taktu til allt sem þarf að nota fyrir lyfjagjöfina.

Þau áhöld sem þarf eru:


- Sprauta eða sprautupenni með lyfinu.
- Sprittklútar eða bómullarhnoðrar og spritt.
- Þerripappír eða hreint undirlag.
- Gult nálabox fyrir oddhvassa hluti.

2. Skoðun lyfs

- Lestu á umbúðir til að staðfesta nafn, rétt lyf og lyfjaskammt. Nafn barns á að standa á umbúðum og fyrningardagur lyfs, þ.e. hvenær lyfið rennur út. Ekki má nota lyfið ef þessar upplýsingar eru rangar.
- Skoðaðu útlit lyfsins. Lausnin á að vera glær. Ef hún er skýjuð eða öðruvísi í útliti en vanalega á ekki að nota lyfið.
- Gættu þess að gefa alltaf nákvæmlega þann skammt sem lækni hefur ávísað.

Framkvæmd lyfjagjafar

1. Þvoðu hendur með sápu og vatni.
2. Veldu stungustað (sjá mynd). Best er að velja svæði þar sem húðfita er ríkuleg, þ.e. læri, mjöðm, kvið eða upphandlegg. Skiptu oft um stungustað til að koma í veg fyrir eymsli og aðra fylgikvilla af stungum.



Mynd 1. Stungustaðir

3. Sótthreinsaðu stungustað með spritti og láttu þorna.
4. Fjarlægðu hettuna af nálinni eða sprautupennanum.
5. Taktu varlega um húðina, þar sem stinga á í hana, með vísifingri og þumalfingri.
6. Haltu sprautunni hornrétt miðað við húðina, stingdu djúpt undir húð og sprautaðu lyfinu inn með því að þrýsta á enda hennar, þar til hún tæmist. Dragðu náлина síðan út. Ef þú ert með sprautupenna er honum þrýst þétt að húðinni, síðan er ýtt á hnappinn aftan á pennanum og hann tæmdur. Haltu pennanum á stungustað í 10 sekúndur. Sjá mynd 2.
7. Þrýstu létt á stungustað með bómull og settu plástur yfir stungustaðinn.



Mynd 2. Gjöf lyfs með sprautupenna

Frágangur eftir lyfjagjöf

Notaðu gult nálabox fyrir oddhvassa hluti sem fást í apótekum til að farga sprautum og lyfjaglösum á öruggan hátt.

1. Hentu nál og sprautu strax í gula nálaboxið.
2. Gakktu frá áhöldum og þvoðu hendur vel með sápu og vatni.

Pegar gula nálaboxið er fullt er því lokað og farið með það í næsta apótek til förgunar.



Mynd 3. Gult nálabox

Óhapp við meðhöndlun lyfs

Ef óhapp verður við lyfjagjöfina, t.d. ef sprauta eða sprautupenni brotnar og lyfið rennur út, þarf að bregðast við á réttan hátt.

Óhapp	Viðbrögð
Lyfið fer á húð	Þvoðu svæðið með sápuvatni en gættu þess að nudda hana ekki fast þar sem hún hefur náttúrulega vörn.
Lyfið fer í auga	Skolaðu augað vel með volgu vatni. Hafðu samband við bráðamóttöku ef roði er í auga og verkur kemur fram sem lagast ekki innan 30 mínútna.
Lyfið fer á borð, gólf, ísskápshillu eða aðra fleti	Notaðu hanska við að þurrka upp lyfið með þerripappír og settu í gula nálaboxið. Þvoðu svæðið með sápuvatni.
Lyf fer á matvæli	Hentu mat sem hefur komist í snertingu við lyfið.
Lyfið fer á fót	Skiptu um fót og þvoðu þau.

Geymsla methotrexate

Methotrexate þarf að geyma við hitastig sem er lægra en 25°C og á öruggum stað þar sem börn ná ekki til.

Ef þú ert barnshafandi eða telur þig vera það, er þér ráðlagt að fá annan til að sjá um lyfjagjöfina þar sem forðast þarf snertingu við lyfið á meðgöngu.

Frekari upplýsingar

Barnagigtarteymi Barnaspítala Hringins, netfang barnagigt@landspitali.is.